



Morgunblaðið/Eggert

Alþingi Ráðherra mun setja á fót samráðshóp til að fjalla um málið.

## Willum svarar Alþingi

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að verða við kalli Alþingis um auknið samráð við áformáðar breytingar á lögum um réttindi sjúklinga varðandi beitingu nauðungar.

Að ósk ráðherra hefur frumvarpið því verið tekið af dagskrá þingsins og mun hann setja á fót samráðshóp til að fjalla nánar um afstöðu notendahópa til málsins og mögulegar breytingar á frumvarpinu.

Geðhjálp, Hugarafi, Landsambandi eldri borgara, Proskahjálp og Öryrkjabandalaginu verður boðið að tilnefna fulltrúa í samráðshópinn.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á síðasta löggjafarþingi vegna atvugasemda sem umboðsmaður Alþingis gerði í kjölfar eftirlitsheimsóknna á lokaðar deildir geðsviðs Landspítala haustið 2018 á grundvelli svokallaðs OPCAT-efirlits.

# Íslensk stjórnvöld hafa takmarkað samskipti við Rússland

● Rússland verið útilokað tímabundið frá þátttöku í mörgum alþjóðastofnunum

Guðni Einarsson  
gudni@mbl.is

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að takmarka samskipti, samstarf og fundi með fulltrúum rússneskra stjórnvalda, hvort sem er í tvíhliða, svæðisbundnu eða marghliða samstarfi, vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Náið samráð er haft um þetta við helstu samstarfs- og bandalagsríki Íslands, samkvæmt frétt stjórnarráðsins. Auk þess tekur Ísland fullan þátt í víðtækum þvingunaraðgerðum gagnvart Rússum.

### Útilokun Rússa er tímabundin

Rússland hefur verið útilokað tímabundið frá þátttöku í fjölmörgum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að. Rússland fer nú með formennsku í Norðurskautsráðinu en hin aðildarríkin gáfu út yfirlýsingu 3. mars og fordæmdu tilefnislausu innrás Rússlands í Úkraínu. „Í ljósi grófra brota Rússlands á alþjóðalögum munu fulltrúar ríkjanna ekki ferðast til Rússlands á fundi Norðurskautsráðsins. Þá verður gert tímabundið hlé á þátttöku í öllum fundum ráðsins og undirstofnana þess,“ segir í fréttinni. Einnig hefur verið ákveðið að meina Rússlandi



Ljósmynd/Norðurskautsráðið

Norðurskautsráðið Fánar aðildarþjóðanna og samtaka frumbyggja.

þátttöku tímabundið í Evrópuráðinu, Eystrasaltsráðinu, Barentsráðinu og Norðlægu víddinni.

Auk þess hefur norræna ráðherranefndin ákveðið að stöðva allt samstarf við Rússland og Belarús. OECD (Efnahags- og framfarastofnunin) hefur slitið formlega aðildarviðræðum við Rússland. Hún hefur meinað Rússlandi og Belarús

þátttöku í verkefnum. ÖSE (Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu) hefur virkjað svonefnd Moskvuferli sem setur af stað rannsókn á vegum Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE á mögulegum stríðsglæpum og öðrum mannréttindabrotum. Ísland var í hópi 39 ríkja sem vísuðu aðstæðum í Úkraínu til saksóknara Alþjóðlega sakamáladómstólsins

(ICC). Hann er byrjaður að rannsaka mögulega stríðsglæpi og glæpi gegn mannið.

Þá var ályktun gegn stríðinu í Úkraínu samþykkt á neyðarfundum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 28. febrúar síðastliðinn.

### Hringborð norðurslóða – Arctic Circle fundar næst í haust

Hringborð norðurslóða – Arctic Circle hefur ekki komið saman síðan atburðirnir urðu nýlega í Úkraínu, að sögn Ólafs Ragnars Grímssonar, stjórnarformanns Hringborðs norðurslóða – Arctic Circle og fyrrverandi forseta Íslands.

„Það verða engar ráðstefnur eða þing á okkar vegum fyrr en í haust,“ sagði Ólafur Ragnar. Næsti vettvangur á vegum Hringborðs norðurslóða – Arctic Circle verður á Grænlandi í lok ágúst í samvinnu við grænensku stjórnvöld. Svo verður þing Hringborðs norðurslóða – Arctic Circle haldið í október.



Ólafur Ragnar Grímsson

## Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. mars 2022 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaefyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldanda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2022


Ríkisskattstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

## Þróun lífskjara heimilanna 2004-2021

Heimild:  
Hagstofa  
Íslands

Hlutfall heimila sem eiga erfitt með að láta enda ná saman



## Margir leigjendur með þunga byrði

● Færri en áður eiga erfitt fjárhagslega

Helgi Bjarnason  
helgi@mbl.is

Mikill munur er á lífskjörum fólks á Íslandi eftir stöðu þess á húsnæðismarkaði. Þeir sem leigja eru í verri stöðu en þeir sem eiga húsnæði. Á árinu 2021 voru 19% heimila á leigumarkaði með þunga byrði húsnæðiskostnaðar og er það sama hlutfall og árið á undan. Á sama tímabili lækkaði metin byrði á meðal eigenda úr rúmum 14% í tæp 10%. Byrði húsnæðiskostnaðar var hærrí hjá eigendum en leigjendum á árunum 2010 til 2014 en hefur síðan snúið við.

Koma þessar upplýsingar fram í bráðabirgðatölum úr lífskjararannsókn Hagstofnu Íslands.

Um 22% heimila voru í leigu-húsnæði árið 2021. Hefur hlutfallið farið lækkaði síðustu árin, frá því það var 31% á árunum 2017 og 2018.

Ef lítið er á mat á því hvort heimili búi við skort á efnislegum græðum sést að slík staða mælist hjá um 11% heimila á leigumarkaði á árinu 2021 en 2,5% heimila voru talin búa við verulegan skort. Eigi að síður hefur þeim leigjendum sem búa við skort eða verulegan skort á efnislegum græðum fækkað mjög mikið frá því

sem var á árunum 2019 og 2020. Á hinn bóginn er lítil skortur á efnislegum græðum á heimilum sem eru í eigin húsnæði og verulegur skortur mælist vart í þeim hópi.

### Börn ýta undir erfiðleika

Þegar á heildina er lítið áttu liðlega 24% heimila erfitt með að ná endum saman. Er þetta lægra hlutfall en áður hefur sést. Hagstofan bendir á að niðurstöðurnar séu að einhverju leyti í samræmi við tölur Hagstofunnar um aukinn kaupmátt ráðstöfunartekna. Nefnt er til samanburðar að yfir helmingur heimila átti í erfiðleikum með að ná endum saman árið 2011 og hlutfallið var yfir 40% til ársins 2015.

Þau heimili þar sem einn fullorðinn bjó með einu eða fleiri börnum höfðu það verst. Um helmingur þannig samsettra fjölskyldna átti erfitt með að ná endum saman. Best áttu heimili með tveimur fullorðnum þar sem börn voru ekki búsett með að ná endum saman. Aðeins 16% þeirra áttu erfitt. Sést þetta á meðfylgjandi grafi. Hagstofan vekur athygli á því að fleiri fyrirvinnur dragi úr fjárhagslegum erfiðleikum en börn á framfæri ýti undir erfiðleika.